



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur 2. febrúar 2016, kl. 09:00 símafundur

Mættir eru: Ása Valdís Árnadóttir formaður, Gunnar Þorgeirsson, Þórður Freyr Sigurðsson, Margrét Runólfssdóttir, Sigurlaug Gissurardóttir, Dagný Hulda Jóhannsdóttir og Valgerður Pálsdóttir sitja einnig fundinn og ritar Valgerður fundargerð. Magnús Bragason boðar forföll.

Fundur settur kl 09:05

Dagskrá

Kynning á samningsdrögum frá SASS

- Þórður kynnir drög að samningum við Markaðsstofuna fyrir hönd SASS.
- Helstu hlutverk Markaðsstofunnar yrðu skv. þeim að veita ráðgjöf á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og markaðsmála ásamt því að leiðbeina um stoðkerfi ferðaþjónustunnar.
- Þátttaka í mótun sóknaráætlunar mikilvæg sem og önnur verkefni á sviði byggðarþróunar. Ákveðið er að fá nánari upplýsingar frá SASS hvað varðar upphæðir samnings og umfang og taka afsöðu í framhaldi af því. Annar stjórnarfundur verður haldinn 9.2.2016.

Verkefni sl. mánaðar

Framkvæmdastjóri fer yfir önnur helstu verkefni síðasta mánaðar.

- MANNAMÓT 2016
Mannamót gekk vel, en þátt tóku um 180 sýnendur og heimsóttu 600-800 gestir viðburðinn. Markaðsstofunnar munu gera könnun meðal sýnenda og gesta til að bæta viðburðinn enn frekar fyrir næsta ár. Búið er að festa 19. janúar 2017 fyrir Mannamót á næsta ári.
- Markaðsstofan hefur átt fundi með sveitarfélögum og ferðamálasamtökum vegna heimasíðunnar www.south.is, þar sem Markaðsstofan hefur verið að kynna möguleika á bættri skráningu sveitarfélaga og klasa þar inni.
- Rangárþing ytra og Flóinn hafa endurnýjað samstarfssamninga við Markaðsstofuna.
- Mikið hefur verið um fjölmiðlafyrirspurnir sem fyrr. Þá hefur Markaðsstofan verið að láta gera nýjan bækling til kynningar á starfseminni sem er í vinnslu.
- Áfram hefur verið unnið að markaðsgreiningunni fyrir áfangastaðinn Suðurland.

Verkefni framundan

- Ferðasýningin Mid-Atlantic verður frá 4.-6. Febrúar í Reykjavík og Markaðsstofan verður með bás þar.

Markaðsstofan verður einnig með post-tour eftir Mid-Atlantic, þar sem Hveragerði, Árborg og Flóinn verða heimsótt. Alls eru um 20 manns skráðir í þá ferð. Er sú ferð unnin í góðu sambandi við ferðamálafulltrúa og tengiliði sveitarfélaga á svæðunum.

- Árshátíð ferðapjónustunnar verður haldin í Vatnsholti, Flóa 19. febrúar. Hefur undirbúningur verið á fullu fyrir þann viðburð þar sem dagskráin er þétt skipuð; málþing, örferð og kvöldverður með skemmtun. Skráningar hafa gengið vel. Dagskrá árshátíðarinnar má finna á <http://www.south.is/is/markadsstofa-sudurlands/frettir-af-innra-starfi/arshatid-ferdathjonustunnar-a-sudurlandi>
- Áfram verður unnið að fjölmiðlafyrirspurnum og er Markaðsstofan m.a. að fara að taka á móti Þýskri blaðakonu 4.-6. febrúar. Ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu mun einnig aðstoða við móttöku hennar.
- Uppfærsla heimasíðu og samfélagsmiðla
- Áfram unnið í kynningarefni um Markaðsstofuna, vefsíðu og FB síðu.
- Vinna að tillögum að nýju fyrirkomulagi á svæðinu með Ferðamálastofu og SASS.
- Markaðsstofur Landshlutanna eru að fara í stefnumótunavinnu þar sem hlutverk stofanna verður betur skilgreint, m.a. gagnvart fjárveitingavaldinu og stoðkerfinu í heild. Verður sú vinna unnin með utanaðkomandi ráðgjafa.
- Fundir vegna markaðsgreiningarinnar þar sem fyrstu niðurstaðna er að vænta í mánuðinum.
- Skipuleggja pre-toura fyrir VestNorden

Önnur mál

Fundi slitið kl 11:45